

Mál nr. 227/2017

M
og

váttryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna málshöfðunar til efnda á skyldum skv. kaupsamningi.**Gögn.**

Málskot, móttakið 5.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.7.2017.

Málsatvik.

M og eiginmaður hennar til heimilis að A höfðu í gildi hjá V fjölskyldutryggingu og húseigendatryggingu vegna A.

Þau samþykktu gagntilboð um kaup á húseign að B í eigu D. Þegar kom að gerð kaupsamnings vildu D falla frá kaupunum, en M féllust ekki á það og hafa haldið kaupunum til streitu. Höfðuðu þau dómsmál 6. október 2016 á hendur D og kröfðust þess að D skyldu afhenda B, aflétta öllum veðböndum og gefa út afsal fyrir eigninni allt gegn greiðslu sem nam gagntilboðsfjárhæðinni. Með dómi héraðsdóms 9. maí 2017 var komist að þeirri niðurstöðu að D væri að lögum óheimilt að ganga frá kaupsamningsgerðinni og voru dómkröfur M teknar til greina auk þess sem D var gert að greiða M 850.000 krónur í málskostnað.

Með tilkynningu til V, dags. 12. september 2016, gerðu M kröfu um bæt看úr málskostnaðartryggingu hjá V vegna kostnaðar í tengslum við fyrrgreint dómsmál. V hafnaði greiðslu bóta.

Álit.

Í 25. gr. váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V er fjallað um bótasvið málskostnaðartryggingarinnar og takmarkanir á gildissviði hennar. Þannig segir í gr. 25.1 að váttryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í greinum 25.2 til 25.15 eru talin upp tilvik sem váttryggingin bætir ekki. Samkvæmt gr. 25.9 bætir váttryggingin ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Í dómsmáli M og eiginmanns hennar á hendur A er krafist afhendingar á B á grundvelli eignarhalds þeirra á eigninni samkvæmt gagntilboði sem þau höfðu samþykkt. Í ljósi þessa verður ekki fram hjá því litið að málsóknin varðar M og eiginmann hennar sem eigendur B. Fyrrgreint undanþáguákvæði í gr. 25.9 í váttryggingarskilmálunum á því við í þessu tilviki sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni.

Samkvæmt gr. 27.1 í skilmálum húseigendatryggingarinnar bætir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar eða húseignarluta og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. A var hin váttryggða eign samkvæmt húseigendatryggingu þeirri sem M hafði í gildi hjá V. Dómsmál M og eiginmanns hennar á hendur D lýtur að eignarhaldi þeirra á B. Málskostnaðarliður húseigendatryggingarinnar fyrir A getur því ekki komið hér til álita. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.